

Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014



Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson.

Kápu mynd: Sagnamaðurinn Saggi á Vatni messar yfir ferðamönnum.

Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014



Ferðamenn við Flekkudalsá á Fellsströnd.

**Samantekt unnin fyrir Dalabyggð
febrúar 2015**



Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði
rognvaldur@rrf.is

Efnisyfirlit

	Helstu niðurstöður	1
1.0	Inngangur	3
1.1	Kannanir sem stuðst er við	3
1.2	Úrvinnsla	3
2.0	Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2014	5
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju og gistinætur þeirra	5
2.2	Ferðamáti og farartæki ferðamanna	6
2.3	Ferðamenn með skemmtiferðaskipum	7
2.4	Allir ferðamenn á Íslandi 2004-2014	7
3.0	Erlendir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014	8
3.1	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Dalasýslu	8
3.2	Erlendir ferðamenn í Búðardal	11
4.0	Innlendir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014	12
5.0	Allir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014	13

Helstu niðurstöður

Erlendir ferðamenn í Dalasýslu

Áætlað er að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Dalasýslu árið 2014 en 49 þúsund árið 2004, sem er 175% fjölgun. Samkvæmt því komu 13,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2014 í Dalasýslu, eða sama hlutfall og árið 2004. Yfir sumartímann (júní-ágúst) fjölgaði þeim rúmlega tvöfalt á þessu árabili, úr 43 í 96 þúsund, en hins vegar nær sexfalt utan sumartíma, úr 7 í 40 þúsund.

Áætlað er að af 135 þúsund erlendum gestum árið 2014 hafi 27 þúsund gisti í Dalasýslu (20%) en 108 þúsund verið dagsgestir (80%). Að sumarlagi gistu um 24% gestanna en einungis 11% þeirra sem í sýsluna komu utan sumars. Meðaldvöl næturgesta í Dalasýslu árið 2014 var 1,2 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í sýslunni áætlaðar 33 þúsund árið 2014; um 0,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár. Árið 2014 voru um 16% gistinátta þar utan sumars en einungis 7-8% árin 2004 og 2010. .

Árið 2014 er áætlað að af 135 þúsund erlendum gestum í Dalasýslu hafi um 36 þúsund verið frá Mið-Evrópu (26% þeirra), 26 þúsund utan helstu markaðssvæða (19%), 21 þúsund frá Suður-Evrópu (16%), litlu færri frá Norður-Ameríku (15%), 16 þúsund frá Norðurlöndunum (12%), 11 þúsund frá Benelux löndunum (8%) en aðeins 5 þúsund frá Bretlandseyjum (4%).

Erlendir ferðamenn í Búðardal

Áætlað er að 67 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft einhverja viðdvöl í Búðardal árið 2014 en 24 þúsund árið 2004, sem er 179% fjölgun. Þetta þýðir að 6,7% erlendra ferðamanna á til Íslands með flugi eða ferju árið 2014 höfðu einhverja viðdvöl í Búðardal en 6,5% árið 2004, eða rétt um helmingur þeirra sem lögðu leið sína í Dalasýslu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum ferðamönnum í Búðardal hafi fjölgað úr 20 þúsund árið 2004 í 48 þúsund árið 2014, eða um 138%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrarferðamönnum nær fimmfalt á sama tímabili, úr um 4 þúsund í 19 þúsund.

Árið 2004 komu 84% erlendra gesta í Búðardal þangað að sumarlagi en 16% hina níu mánuði ársins. Árið 2014 var hlutfall sumargesta hins vegar komið niður 72% en vetrargesta upp í 28%.

Innlendir ferðamenn í Dalasýslu og Búðardal

Áætlað er 108 þúsund Íslendingar (35%) hafi lagt leið sína í Dalasýslu árið 2014 en 77 þúsund árið 2004 (28%). Þá er áætlað að 77 þúsund landsmenn hafi komið í Búðardal árið 2014 (25%) en 55 þúsund árið 2004 (20%).

Allir ferðamenn í Dalabyggð og Búðardal

Þegar skoðun er þróun í gestakomum í Dalasýslu er áætlað að Íslendingar hafi verið 61% gestanna árið 2004 en erlendir ferðamenn 39%. Árið 2014 er hins vegar áætlað að erlendir ferðamenn hafi verið í meirihluta, þ.e. 55% gestanna, en Íslendingar 45%. Þannig er áætlað að erlendum ferðamönnun sem fóru eitthvað um Dalasýslu hafi fjölgað úr 126 þúsund árið 2004 í 243 þúsund árið 2014 eða um 93%. Nær öll þessu aukning varð á tímabilinu frá 2010 til 2014.

Líklegasta skýringin á aukningunni er að frá árinu 2010 hefur nær öll umferð til Vestfjarða og Stranda farið um Dalasýslu. Það gerðist með tilkomu nýs vegar um Þröskulda, á milli Reykhólasveitar og Hólmavíkur, og nýrri brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi, en umferð var hleypt á þessi mannvirki haustið 2009. Þá hefur umferð erlendra ferðamanna utan sumartíma einnig verið að aukast jafnt og þétt víða um land, einkum vor og haust.

Áætlað er að ferðamönnun sem höfðu viðkomu í Búðardal hafi fjölgað úr 75 þúsund árið 2010 í 144 þúsund árið 2014 eða um 92%. Jafnframt er áætlað að 70% ferðamanna sem höfðu viðkomu í Búðardal árið 2004 hafi verið Íslendingar en 30% erlendir ferðamenn. Árið 2014 voru Íslendingar hins vegar í naumum meirihluta; 53% gestanna en erlendir ferðamenn með 47% hlutdeild.

Samkvæmt áðursögðu höfðu um 70% Íslendinga sem fóru um Dalasýslu 2014 einhverja viðkomu í Búðardal en rétt um 50% erlendra ferðamanna.

1.0 Inngangur

1.1 Kannanir sem stuðst er við

Kafla 2.0 um erlenda ferðamenn á Íslandi 2004-2014 og kafla 3.0 um erlenda ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014 byggja báðir á niðurstöðum úr könnuninni *Dear Visitors* sem fyrirtækið *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar* hefur framkvæmt meðal brottfararfarþega í Leifsstöð allt frá sumrinu 1996 og síðan nær stöðugt alla mánuði ársins frá janúar 2004 og til þessa dags. Þá hefur könnunin einnig verið framkvæmd á sumrin meðal ferðamanna með Norrænu á Seyðisfirði. Þar hefur frá árinu 2003 verið spurt um komur og gistinætur í Dalasýslu og komur í Búðardal. Í þessari samantekt verður lögð áhersla á að skoða þessar upplýsingar fyrir árið 2014 með samanburði við árin 2010 og 2004. Að jafnaði tóku 3.500-4.500 manns þátt í könnuninni hvert þessara þriggja ára.

Kafla 4.0 um innlenda ferðamenn í Dalabyggð og Búðardal byggir á símakönnun sem RRF framkvæmdi um ferðir Íslendinga árið 2004, net- og símakönnun sem framkvæmd var fyrir RRF af Miðlun ehf. vegna ársins 2010 og könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir RRF vegna ársins 2014. Fjöldi svara þar var á bilinu 780 til 902 eftir árum.

Í kafla 5.0 er fjöldi allra ferðamanna í Dalabyggð, erlendra sem innlendra, áætlaður fyrir árin 2004, 2010 og 2014.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnunum RRF sem komu til Íslands eða sem heimsóttu Dalasýslu og Búðardal skoðaðir sem heild. Jafnframt er skoðaður munur á komum erlendra gesta að sumri og utan sumars og eftir mánuðum áðurtalin þrjú viðmiðunarár 2004, 2010 og 2014. Þá er nokkuð komið inn á muninn á komum ferðamanna eftir búsetu þeirra (markaðssvæðum), aldurshópum, ferðamáta (á eigin vegum, "self drive" eða í hópferð) og farartæki á Íslandi (bílaleigubíll, hópferðabíll, áætlunarbíll). Erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnuninni eru flokkaðir eftir sex markaðssvæðum hvað búsetu varðar. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu *Önnur svæði*.

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

<i>Markaðssvæði</i>	<i>Lönd</i>
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitors* sumarið 2014 er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða ferju sumarið 2014, um 430 þúsund manns.¹ Í netkönnun Félagsvísindastofnunar HÍ um ferðir Íslendinga árið 2014 er þýðið hins vegar allir Íslendingar á aldrinum 18-95 ára, um 246 þúsund manns samkvæmt Hagstofu Íslands (www.hagstofan.is).² Í töflu 1.1 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1300	1,2	1,6	1,9	2,2	2,4	2,5	2,7	2,7
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Dæmi um notkun töflunnar:

Ef 40% svarenda í *Dear Visitors* könnuninni sumarið 2014 (júní-ágúst) kváðust hafa komið á ákveðinn stað í Íslandsferðinni verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 3,0%, miðað við um 1.000 svarendur sem þá tóku þátt í könnuninni. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 10% verður frávikið +/- 1,9%. Þessa tölfræði er gott að hafa í huga við lestur greinargerðarinnar.

¹. Hér er stuðst við talningu Ferðamálastofu meðal brottfararfarþega í Leifsstöð, tölur Austfars hf um farþega með Norrænu og upplýsingar um erlenda gesti um aðra flugvelli.


². Sem dæmi má nefna að fyrir árið 2014 eru niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar yfirfærðar á 310.000 Íslendinga, af alls um 330.000 íbúum Íslands 2014, til að forðast ofátlanir. Líklegt að börn og ungmenni undir 18 ára aldri ferðist heldur minna um landið en fullorðin fólk þó fyrri kannanir bendi til að þar muni litlu.

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2014

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju og gistinætur þeirra

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en árin 2011-2014 hefur verið mjög mikil fjölgun (um eða yfir 20% ári). Niðurstaðan er sú að erlendum ferðamönnum til Íslands með flugi og ferju 2004-

Mynd 2.1 Fjöldi ferðamanna til Íslands 2004-2014
ferðamenn með flugi og ferju



2014, fjölgaði úr 362 þúsund í um 997 þúsund (175% fjölgun), sem jafngildir 10,6% árlegri fjölgun þennan áratug. Ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 eru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu síðustu þrjú árin má

líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*. Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum, sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn með flugi og ferju utan sumartíma 2014 um 57% gesta til landsins en sumargestir 43%.


Gistinætur erlendra ferðamanna hafa lengi verið um helmingi fleiri að sumri en utan þess, þar sem meðaldvöl sumargesta hefur verið nálægt 10 nóttum en vetrargesta um 5 nætur. Þar hefur þó heldur dregið saman síðustu 2-3 ár, einkum vegna meiri fjölgunar vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta heldur verið að styttest og var t.d. um 9,5 nætur að jafnaði sumarið 2014. Þannig má áætla að árið 2014 verði gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls um 7 milljónir talsins; þar af 60% yfir sumarmánuðina en 40% aðra níu mánuði ársins.

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju eru Norðurlandabúar fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum hefur svo verið að vetrarlagi þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandaseyjum voru heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega. Hins vegar komu litlu fleiri Bretar til Íslands sumarið 2014 en sumarið 2004. Að sumarlagi hafa ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskaland, Póllandi, Sviss og Austurríki) verið fjölmennastir en frá sumrinu 2013 hafa ferðamenn frá Norður-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða blandað sér í toppbaráttuna. Þá koma ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn, síðan Ítalía...) einnig meira til Íslands að sumarlagi. Gestir frá Suður-Evrópu og Mið-Evrópu koma

hins vegar mun minna til Íslands að vetrarlagi. Þessu er, eins og áður segir, öfugt farið með Bretland sem koma hingað mest að vetrarlagi. Gestir frá Norður-Ameríku eru hins vegar á móta fjölmennir að sumri og utan þess svo sem betur sést á myndum 2.2-2.3.


Myndir 2.2-2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum

farþegar með flugi og ferju - sumur og utan sumars 2004-2014




2.2 Ferðamáti og farartæki ferðamanna

Mynd 2.4 Ferðamáti erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2014



Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópfarð. Síðustu árin hafa svo kallaðar "self drive" ferðir vaxið mikið þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Niðurstaðan er sú að sumarið 2014 sögðust 16% svarenda vera í "self drive" ferð, 74% alfarið á eigin vegum og 10% í skipulagðri hópfarð.

Mynd 2.5 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2014



Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá Rannsóknunum og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn nánast í tvo jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópfarð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist svo hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópfarð.


Aukið sjálfstæði erlendra ferðamanna helst í hendur við mikla aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópfarðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópfarðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópfarðabíl og bílaleigubíl (36-

37%) en mun færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2014 nýttu 59% sér eitthvað bílaleigubíl í ferðum um Ísland, 25% hópferðabíl (allmargir í dagsferðum frá Reykjavík) og 16% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norrænufarþegar), á bílum vana/ættingja á Ísland eða hjóla um landið. Þá nýttu 36% vetrargesta 2013-2014 sér bílaleigubíl en 26% gesta veturinn 2007-2008. Mun fleiri nota hópferðabíla að vetri (um helmingur gesta) en sumri, enda fara þá fleiri í skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík.

2.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum

Mikilvægt er að hafa í huga að ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur fjölgað mikið á síðasta áratug. Þannig komu um 45 þúsund erlendir skemmtiferðaskipagestir til Íslands árið 2004 en um 105 þúsund árið 2014, sem er 133% aukning.³ Þessir ferðamenn dreifast einkum á mánuðina júní til september, en koma einnig lítillega í síðari hluta maí. Þeir gista nær eingöngu um borð í skipunum og eru því með fáar skráðar gistinætur á Íslandi. Þeir fara hins vegar mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá viðkomustöðum skipanna og/eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað.


Mynd 2.6 Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum til Íslands 2004-2014



2.4 Allir ferðamenn á Íslandi 2004-2014

Á mynd 2.7 má sjá þróunina í áætluðum fjölda allra ferðamanna til Íslands: með flugi, ferjunni Norrænu og skemmtiferðaskipum á tímabilinu 2004-2014. Þar sést að þótt þorri skemmtiferðaskipagesta komi til Íslands að sumarlagi (tæp 80%) þá varð sá viðsnúningur á árinu 2013 að fleiri ferðamenn komu til landsins utan sumartíma en að sumri. Árið 2014 fjölgaði ferðamönnum utan sumars enn frekar þannig að þá komu um 54% allra ferðamanna til Íslands utan sumars en 46% að sumarlagi (júní til ágúst). Allar líkur eru á að þessi þróun haldi áfram og að ferðamönnum utan sumartíma fjölgi hraðar en sumargestum á komandi misserum og árum.

Mynd 2.7 Allir ferðamenn til Íslands 2004-2014 flug, ferja og skemmtiferðaskip



³. Heimild: www.faxafloahafnir.is


3.0 Erlendir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014

3.1 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Dalasýslu

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 49 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Dalasýslu árið 2004, 57 þúsund árið 2010 og 135 þúsund árið 2014 (sbr. mynd 3.1). Samkvæmt því fjölgaði þeim um 175% frá 2004 til 2014 og um 138% frá 2010 til 2014. Þetta þýðir einnig að um 13,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2014 komu í Dalasýslu en 13,2% erlendra gesta á Íslandi árið 2004. Samkvæmt því hefur Dalasýsla haldið sínum hlut á tímabilinu.


Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýsluna hafi fjölgað úr 43 þúsund árið 2004 í 96 þúsund árið 2014, eða um 123%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum mikið meira á sama tímabili, úr 7 þúsund í um 40 þúsund, eða nær sexfalt. Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Dalasýslu hefur lengst umtalsvert, einkum frá árinu 2010, og að nú koma ferðamenn þangað einnig í verulegum mæli í maí og september og jafnframt í vaxandi mæli alla vetrarmánuðina.

Mynd 3.1 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Dalasýslu eftir mánuðum 2004, 2010 og 2014




Á mynd 3.2 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Dalasýslu eftir mánuðum ársins 2014 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 135 þúsund erlendum gestum þar hafi 27 þúsund gisti (20%) en 108 þúsund verið dagsgestir (80%). Að sumarlagi gistu um 24% gestanna en utan sumars einungis 11% þeirra sem í sýsluna komu. Það er því verk að vinna við að fjölga erlendum næturgestum í Dalasýslu.

Mynd 3.2 Áætlaður fjöldi og hlutfallsskipting erlendra nætur- og dagsgesta í Dalasýslu, eftir mánuðum 2014



Þeir 27 þúsund sem gistu í Dalasýslu árið 2014 dvöldu þar að jafnaði 1,2 nætur en næturgestir árin 2004 og 2010 dvöldu að jafnaði 1,5-1,6 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í sýslunni áætlaðar 33 þúsund árið 2014, eða um 0,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 17 þúsund árið 2010 og 13 þúsund árið 2004. Árið 2014 voru um 16% gistináttanna utan sumars en einungis 7-8% árin 2004 og 2010. Þetta sést betur á mynd 3.3.


Mynd 3.3 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta í Dalasýslu að sumri og utan sumars 2004, 2010 og 2014



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Dalasýslu eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2014 er áætlað að af alls 135 þúsund erlendum gestum í Dalasýslu hafi um 36 þúsund verið frá Mið-Evrópu (26% þeirra), 26 þúsund utan helstu markaðssvæða (19%), 21 þúsund frá Suður-Evrópu (16%), litlu

færri frá Norður-Ameríku (15%), 16 þúsund frá Norðurlöndunum (12%), 11 þúsund frá Benelux löndunum (8%) en aðeins 5 þúsund frá Bretlandseyjum (4%). Þetta sést nánar á mynd 3.4.

Mynd 3.4 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Dalasýslu eftir markaðssvæðum árið 2014



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2014, sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og Benelux löndunum skila sér mun betur í Dalasýslu en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína. Þannig voru Bretar um 18% gesta til Íslands árið 2014 en einungis 4% af erlendum gestum í Dalasýslu.

Karlar voru heldur líklegri til að fara um Dalasýslu en konur árið 2014. Þá kom fólk á aldrinum 18-35 ára þangað mest allra aldurshópa en síst fólk á aldrinum

36-55 ára. Fólk sem var alfarið á eigin vegum eða í "self drive" ferð (gisting og e.t.v. fleira skipulagt af öðrum) var um þrefalt líklegri til að heimsækja Dalasýslu en fólk í skipulagðri hópferð. Í samræmi við það voru þeir sem nýttu sér bílaleigubíla í Íslandsferðinni margfalt líklegri til að heimsækja Dalasýslu en þeir sem notuðu eitthvað hópferðabíla eða áætlunarbíla. Þá eru ferðamenn með ferjunni Norrænu um tvöfalt líklegri til að koma í Dalasýslu en sumargestir sem koma til landsins með flugi.



Tilgáta um Guðrúnarlaug að Laugum í Sælingsdal.

3.2 Erlendir ferðamenn í Búðardal




Leifsbúð í Búðardal.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 24 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft einhverja viðkomu í Búðardal árið 2004, 26 þúsund árið 2010 og 67 þúsund árið 2014 (sbr. mynd 3.5). Þannig fjölgaði þeim um 179% frá 2004 til 2014 og um 157% frá 2010 til 2014. Þetta þýðir að 6,7% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2014 höfðu einhverja viðdvöl í Búðardal en 6,5% árið 2004, eða rétt um helmingur þeirra sem lögðu leið sína um Dalasýslu. Samkvæmt því hefur Búðardalur haldið sínum hlut á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum ferðamönnum í Búðardal hafi fjölgað úr 20 þúsund árið 2004 í 48 þúsund árið 2014, eða um 138%. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrarferðamönnum nær fimmfalt á sama tímabili, úr um 4 þúsund í 19 þúsund.

Mynd 3.5 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Búðardal eftir mánuðum 2004, 2010 og 2014



2014	0,4	1,8	1,1	1,7	4,5	15,0	16,8	16,2	6,3	1,8	0,5	0,5
2010	0,0	0,0	0,3	0,1	0,5	4,7	8,4	9,5	1,1	0,5	0,4	0,3
2004	0,1	0,1	0,1	0,0	0,9	3,4	8,0	8,8	1,9	0,4	0,2	0,1

Árið 2004 komu 84% erlendra gesta í Búðardal þangað að sumarlagi en 16% hina níu mánuði ársins. Árið 2014 var hlutfall sumargesta hins vegar komið niður 72% en vetrargesta upp í 28%.

4.0 Innlendir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014




Frá Kambsnesi nærri Búðardal.

Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands (FHÍ) fyrir RRF lögðu 35% Íslendinga leið sína um Dalasýslu árið 2014, eða 108 þúsund manns.⁴ Margir þeirra fara þar um oftar en einu sinni árlega því er fjöldi heimsóknna þeirra mun meiri en fjöldi einstaklinga. Árið 2010 er áætlað að 24% landsmanna hafi komið í Dalasýslu (70 þúsund) og 28% árið 2004 (77 þúsund).

Samkvæmt sömu könnun FHÍ lögðu 25% Íslendinga leið sína í Búðardal árið 2014, eða 77 þúsund manns, eða 71% þeirra sem fóru um Dalasýslu. Þá komu 17% í Búðardal árið 2010, um 49 þúsund manns. Ekki var spurt um komur Íslendinga í Búðardal árið 2004 en ef miðað við niðurstöðurnar úr hinum könnunum má lauslega áætla að þá hafi 20% landsmanna langt þangað leið sína, eða um 55 þúsund manns.

Mynd 4.1 Áætlaður fjöldi Íslendinga í Dalasýslu og Búðardal 2004, 2010 og 2014



Árið 2004, gistu 6,5% Íslendinga í Dalasýslu, eða um 18 þúsund manns, um fjórði hver sem þangað lagði leið sína. Ekki hefur verið spurt um þetta hlutfall í könnunum RRF síðan þá.

⁴. Sem áður segir eru niðurstöðurnar vegna 2014 yfirfærðar á 310.000 Íslendinga, af alls um 330.000 íbúum Íslands, til að forðast ofátlanir en hins vegar miðað við 300.000 Íslendinga árið 2010 og 275 þúsund árið 2004.


Karlar eru nokkru líklegri en konur til að heimsækja Dalasýslu og Búðardal, fólk 36-55 ára líklegra en Íslendingar í öðrum aldurshópum og landsbyggðarfólk heldur líklegra til þess en íbúar á suðvesturhorni landsins.

5.0 Allir ferðamenn í Dalabyggð 2004-2014

Þegar skoðuð er þróun í gestakomum í Dalasýslu 2004-2014 er áætlað að Íslendingar hafi verið 61% gestanna árið 2004 en erlendir ferðamenn 39%. Árið 2014 er hins vegar áætlað að ferðamenn hafi verið í meirihluta, þ.e. 55% gestanna, en Íslendingar 45%.⁵

Þannig er áætlað að ferðamönnun sem fóru eitthvað um Dalasýslu hafi fjölgað úr 126 þúsund árið 2004 í 243 þúsund árið 2014 eða um 93%. Nær öll þessu aukning varð á tímabilinu frá 2010 til 2014.

Mynd 5.1 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra og innlendra ferðamanna í Dalasýslu 2004, 2010 og 2014



Erlendir ferðamenn	39%	45%	55%
Íslendingar	61%	55%	45%


Þetta eru miklar breytingar frá árinu 2010. Líklegasta skýringin á aukningunni er að frá árinu 2010 hefur nær öll umferð til Vestfjarða og Stranda farið um Dalasýslu. Það gerðist með tilkomu nýs vegar um Þróskulda, á milli Reykhólasveitar og Hólmavíkur, og nýrri brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi, en umferð var hleypt á þessi mannvirki haustið 2009. Þá hefur umferð erlendra ferðamanna utan sumartíma einnig verið að aukast jafnt og þétt víða um land, einkum vor og haust.

Það stefnir allt í að erlendum ferðamönnum í Dalasýslu muni fjölga á næstu árum og mun hraðar en innlendum gestum. Miklar líkur eru á að þeir verði þar orðnir tvöfalt fleiri en innlendir ferðamenn eftir 4-5 ár.

⁵. Hér er miðað við fjölda einstaklinga en ekki allar heimsóknir þeirra. Talsvert margir Íslendingar heimsækja Dalasýslu oft en einu sinni á ári þannig að heimsóknafjöldi þeirra þangað er að öllum líkindum talsvert hærri en gestatalan segir til um.

Áætlað er að ferðamönnun sem höfðu viðkomu í Búðardal hafi fjölgað úr 75 þúsund árið 2010 í 144 þúsund árið 2014, eða um 92%. Jafnframt er áætlað að 70% ferðamanna sem komu í Búðardal árið 2004 hafi verið Íslendingar en 30% erlendir ferðamenn. Árið 2014 voru Íslendingar hins vegar í naumum meirihluta; 53% gestanna en erlendir ferðamenn með 47% hlutfall.

Mynd 5.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra og innlendra ferðamanna í Búðardal 2004, 2010 og 2014



Erlendir ferðamenn	30%	35%	47%
Íslendingar	70%	65%	53%

Samkvæmt áðursögðu höfðu um 70% Íslendinga sem fóru um Dalasýslu 2014 einhverja viðkomu í Búðardal en rétt um 50% erlendra ferðamanna.



Frá Ólafsdalshátíð.